



GREINAGERÐ

Framkvæmd samnings AkureyrarAkademíunnar við
mennta- og menningarmálaráðuneytið

júní 2017

júní 2017

AkureyrarAkademían

ISSN: 2298-8831

Formáli

AkureyrarAkademían (AkAk) er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var á grunni Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi. Í maímánuði 2015 undirrituðu AkAk og mennta- og menningarmálaráðuneytið samstarfssamning, með hliðsjón af staðfestri skipulagsskrá stofnunarinnar, fyrir árin 2015-2017.

Samningurinn við ráðuneytið er gríðarlega mikilvægur fyrir starfsemi AkAk og leggur grunninn að fjárhagslegum rekstri og gerir stofnuninni kleift að virkja þær miklu og góðu hugmyndir sem skapast innan samfélagsins í AkAk.

Á starfsárinu hefur AkAk staðið fyrir hinum ýmsu viðburðum svo sem barnabókakynningu, fyrirlestraröð á Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar, örnámskeiði og fleiru. Vinnuaðstaðan hefur verið vel nýtt og störfuðu alls 25 fræðimenn í húsnæði AkAk á liðnu starfsári.

Á starfsárinu hefur AkAk styrkt stöðu sína sem rannsókn- og fræðasetur á sviði hug- og félagsvísinda á Norðurlandi og mun stofnunin styrkja enn frekar stöðu sína í framtíðinni.

Starfsárið 2016-2017

Stjórn og framkvæmdastjóri

Á ársfundi stofnunarinnar þann 18. maí 2016 var stjórn og fulltrúaráð kosin af fulltrúum. Starfsárið 2016-2017 voru eftirtaldir í stjórn:

Margrét Guðmundsdóttir, formaður

Valgerður S. Bjarnadóttir, ritari

Ólafur B. Thoroddsen, gjaldkeri

Í fulltrúaráði sátu ásamt stjórnarmönnum:

Arndís Bergsdóttir

Bergljót Þrastardóttir

Jóhanna María E. Matthíasdóttir

Sigurgeir Guðjónsson

Jóhanna María E. Matthíasdóttir sagði sig úr fulltrúaráði haustið 2016.

Stjórn AkAk fer með öll málefni stofnunarinnar milli ársfunda, er æðsta vald í málefnum hennar og ber ábyrgð gagnvart fulltrúaráði. Stjórn mótar stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar, vinnur að markmiðum hennar og setur henni reglur.

Almenn stjórnarstörf, sem meðal annars felast í fundum stjórnar, eru unnin í sjálfböðavinnu. Stjórn AkAk fundaði alls 13 sinnum á starfsárinu og fulltrúaráð tvisvar sinnum. Reglulega eru haldnir súpufundir þar sem fulltrúar eru virkjaðir í starfi stofnunarinnar en á þeim fundum verða oft til margar góðar hugmyndir. Stjórn, fulltrúaráð og fulltrúar í AkAk taka þátt í viðburðum á vegum stofnunarinnar. Lögð er áhersla á að þeir sem leigja vinnuaðstöðu hjá stofnuninni leggi sitt af mörkum til þess samfélags sem AkureyrarAkademían er.

Kristín Heba Gísladóttir var ráðin verkefnastjóri stofnunarinnar vorið 2016. Hún var í upphafi starfsársins í 50% starfi en starfshlutfall hennar var hækkað í 70% í september 2016. Í vor, þegar ár var liðið frá ráðningu verkefnastjóra, var ráðningarsamningur endurnýjaður. Í nýjum ráðningasamningi var starfsheiti breytt í framkvæmdastjóra og er ráðningin ótímabundin. Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn stofnunarinnar, hann situr stjórnarfundi og hefur málfrelsi og tillögurétt.

Útleiga á vinnuaðstöðu

AkureyrarAkademían hefur frá stofnun leigt út vinnuaðstöðu fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn, meistara- og doktorsnema. Nýting vinnuaðstöðunnar árið 2016 var 89%. Mikil eftirspurn hefur verið eftir vinnuaðstöðunni en þó er aðsóknin minni yfir sumarmánuðina. Alls leigðu 25 einstaklingar vinnuaðstöðu hjá stofnunni á starfsárinu, 15 konur og 10 karlar. Alls stunduðu 20 þeirra nám á meistara eða doktorsstigi. Innan AkAk störfuðu einstaklingar sem sinntu námi við fjóra innlenda háskóla og þrjá erlenda.

Tafla 1. Skipting fulltrúa eftir háskólastofnunum.

Stofnun	Fjöldi
Háskóli Íslands	9
Háskólinn á Akureyri	5
Háskólinn á Bifröst	2
Háskólinn á Hólum	1
Erlendir háskólar	3
Samtals:	20















Flestir stunda meistaranám, en þeir starfa oft í nokkra mánuði innan stofnunarinnar. Doktorsnemar eru einnig talsvert stór hópur innan AkAk en þeir staldra oft við í lengri tíma. Sjálfstætt starfandi fræðimenn og rithöfundar starfa auk þess innan AkAk.













Tafla 2. Námsstig fulltrúa.

Staða:	Fjöldi:
Doktorsnemar	5
Meistaraneimar	14
Nýdóttorar	1
Sjálfstætt starfandi	4
Önnur störf	1
Samtals:	25

Þeir fræðimenn og nemar sem starfa í húsnæði AkAk njóta þar félagsskapar og stuðnings annarra fræðimanna og geta leitað eftir aðstoð og ábendingum við störf sín. Slíkt er mikilvægt fyrir fræðimenn til að geta rætt þau störf sem fengist er við hverju sinni. Þeim sem starfa innan AkAk gefst auk þess kostur á að sækja um styrki í samkeppnissjóði undir merkjum AkureyrarAkademíunnar. Stofnunin mun í slíkum tilfellum sjá um fjárhagslega hlið styrkveitingarinnar gegn þóknun.

Þeir fræðimenn sem hafa verið starfandi í húsinu hafa tekið virkan þátt í starfsemi AkAk og þannig lagt sitt af mörkum til að stuðla að sterkari stöðu hennar í samfélaginu.

 <p>Arnar Már Arngrímsson</p> <p><i>Rithöfundur</i></p>	 <p>Arndís Bergsdóttir</p> <p><i>Doktorsnemi í safnafræði</i></p>
 <p>Bergljót Þrastardóttir</p> <p><i>Doktorsnemi í menntunarfræðum</i></p>	 <p>Bogi Pálsson</p> <p><i>Tölvunarfræðingur</i></p>
 <p>Brynjar Kristinsson</p> <p><i>Meistarane­mi í hagnýtri siðfræði</i></p>	 <p>Eiríkur Stephensen</p> <p><i>Meistarane­mi í menningarstjórnun</i></p>
 <p>Gréta Kristjánsdóttir</p> <p><i>Nemi í Diplómanámi í jákvæðri sálfræði</i></p>	 <p>Guðrún Þórsdóttir</p> <p><i>Meistarane­mi í menningarstjórnun</i></p>
 <p>Hjalti Ómar Ágústsson</p> <p><i>Meistarane­mi í heimskautarétti</i></p>	 <p>Hulda Sædís Bryngerisdóttir</p> <p><i>Meistarane­mi í heilbrigðisvísindum</i></p>
 <p>Jóhann Ásmundsson</p> <p><i>Meistarane­mi í heimskautarétti</i></p>	 <p>Jóhanna María E. Matthíasdóttir</p> <p><i>Meistarane­mi í ferðamálafræði</i></p>
 <p>Jón Ómar Gunnarsson</p> <p><i>Meistarane­mi í predikunarfræðum</i></p>	 <p>Jónína Garðarsdóttir</p> <p><i>Meistarane­mi í menntavísindum</i></p>

 <p>Kristín Heba Gísladóttir</p> <p><i>Framkvæmdastjóri AkureyrarAkademíunnar</i></p>	 <p>Margrét Guðmundsdóttir</p> <p><i>Sagnfræðingur</i></p>
 <p>María Guðbjörg Hensley</p> <p><i>Meistararnemi í klínískri sálfræði</i></p>	 <p>Dr. Martina Huhtamäki</p> <p><i>Nýdoktor í norrænum málum</i></p>
 <p>Melkorka Mjöll Kristinsdóttir</p> <p><i>Meistararnemi í hnattrænum tengslum</i></p>	 <p>Ólafur B. Thoroddsen</p> <p><i>Kennari og landfræðingur</i></p>
 <p>Ólöf María Birnu Brynjarsdóttir</p> <p><i>Meistararnemi í félagsvísindum</i></p>	 <p>Dr. Sigurgeir Guðjónsson</p> <p><i>Sagnfræðingur</i></p>
 <p>Skafti Ingimarsson</p> <p><i>Doktorsnemi í sagnfræði</i></p>	 <p>Steinunn Arnars Ólafsdóttir</p> <p><i>Doktorsnemi í heilbrigðisvísindum</i></p>
 <p>Valgerður S. Bjarnadóttir</p> <p><i>Doktorsnemi í menntunarfræðum</i></p>	 <p>Pórhalla Sigurðardóttir</p> <p><i>Meistararnemi í hjúkrunarfræði</i></p>

Húsnæði

AkureyrarAkademían er staðsett í húsnæði, sem leigt er af Akureyrarbæ, að Háhlíð 1. Í húsnæðinu var starfræktur leikskóli og síðar skammtímavistun þar til AkAk fékk húsið á leigu. Í húsnæðinu eru fjórtán vinnuþláss og þar fyrir utan er aðstaða framkvæmdastjóra. Auk þess er funda- og kaffiaðstaða. Húsbúnaður og innanstokksmunir eru margir hverjir komnir til ára sinna og hefur verið unnið að því að bæta þar úr smátt og smátt eins og fjárhagur leyfir.

Leigusamningur AkAk við Akureyrarbæ rann út á vormánuðum 2017. Nýr leigusamningur var undirritaður og gildir hann til áramóta 2017/2018. Óvissa í húsnæðismálum stofnunarinnar hefur sett mark sitt á starfsemi stofnunarinnar á starfsárinu. Þegar í ljós kom að endurnýjun leigusamningsins væri ekki auðsött tók stjórn ákvörðun um að ráðast ekki í frekari verkefni fyrr en fyrir lægi niðurstaða um framtíð húsnæðismála. Stjórn taldi óábyrgt að ráðstafa fjármunum stofnunarinnar í slíkri óvissu. Stjórn ásamt framkvæmdastjóra hefur fundað með bæjarfulltrúum og bæjarstjóra vegna húsnæðismálana en þau hafa eingöngu verið leyst tímabundið. Ný stjórn mun áfram vinna ötullega að því að tryggja stofnuninni öruggt og hentugt húsnæði fyrir starfsemina.

Samstarf

Á starfsárinu var lögð áhersla á að fjölga fulltrúum í AkureyrarAkademíunni. Stjórn stofnunarinnar taldi mikilvægt að ná betur til þess stóra hóps sem hefur starfað innan AkAk á síðastliðnum árum. Vel gekk að fjölga fulltrúum á starfsárinu en árið 2015 voru þeir 14. Árið 2016 voru fulltrúar orðnir 31.

AkAk og Háskólinn á Akureyri (HA) undirrituðu nýjan samstarfssamning í mars 2017 og er hann til þriggja ára. Stofnanirnar hafa átt í formlegu samstarfi frá árinu 2014. Aðilarnir staðfesta með samningnum vilja sinn til að efla samstarf með það að markmiði að nýta sem best þá sérfræðiþekkingu, kunnáttu og aðstöðu sem samningsaðilarnir búa yfir. Á fundum forsvarsmanna AkAk og HA vegna undirbúnings samningsins var það sameiginlegur vilji að lögð væri áhersla á að vinna að því að þróa aðferðafræði sem miðar að því að koma þekkingu á framfæri á einfaldan og aðgengilegan hátt sem og að stuðla að samræðum um fræði og vísindi. Aðilarnir munu þar að auki standa fyrir að minnstakosti einni sameiginlegri ráðstefnu á samningstímanum. Auk þess skal AkAk veita forsetum viðeigandi fræðasviða HA upplýsingar um þá fræði- og vísindamenn sem starfa innan AkAk á hverri önn. Mikil ánægja er með það góða samstarf sem ríkt hefur milli AkAk og HA í gegnum tíðina. Mikilvægt er að stofnanirnar samnýti krafta sína og var með gerð samningsins lögð áhersla á að auka þetta góða samstarf enn frekar.

AkureyrarAkademían hefur í gegnum tíðina átt gæfuríkt samstarf við hina ýmsu aðila. Slíkt samstarf hefur verið lærdómsríkt og gefandi fyrir alla aðila. Á liðnu ári átti AkAk samstarf við Akureyrarvöku, Amtsbókasafnið, Háskólann á Akureyri, Kvikmyndaskóla Íslands, Menningarfélag Akureyrar, Mennta- og viðurkenningarsjóð KEA, Norðurorku, ReykjavíkúAkademíuna, Ungmennahúsið Rósenborg og Öldrunarheimili Akureyrarbæjar. Stjórn AkAk þakkar öllum þessum aðilum fyrir ánægjulegt samstarf og mun leggja áherslu á að auka ennfrekar samstarf sitt við hina ýmsu aðila til framtíðar.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

AkureyrarAkademían notar samfélagsmiðla og heimasíðuna í síauknum mæli til að koma upplýsingum á framfæri. Við upphaf síðasta starfsárs var lögð áhersla á að viðhalda heimasíðu stofnunarinnar sem þá hafði nýverið verið tekin til gagngerrar endurskoðunar. Auk þess var lögð áhersla á að efla sýnileika stofnunarinnar. Framkvæmdastjóri sótti vegna þess námskeiðið „Facebook sem markaðstæki“ hjá Símenntun Háskólans á Akureyri. Í kjölfarið hefur fésbókarsíða stofnunarinnar verið notuð í síauknum mæli og hefur umferð um hana aukist jafnt og þétt.

Umhverfisvernd

Á liðnu starfsári var lögð áhersla á að leita allra leiða til að auka umhverfisvitund meðal innanhúsfólks í AkureyrarAkademíunni og búa þannig um hnútana að starfsemi stofnunarinnar hefði sem minnst áhrif á umhverfið. Sorp er flokkað og skilar stofnunin litlu magni af almennu sorpi til urðunar. Eingöngu eru notaðar umhverfisvottaðar ræsti- og hreinlætisvörur og hafa fulltrúar verið hvattir til að fara sparlega með vatn og rafmagn. Fulltrúar hafa verða hvattir til að koma með ábendingar varðandi þá þætti sem stofnunin getur gripið til, til að auka umhverfisvernd. Innan AkAk starfa margir aðilar til lengri og skemmri tíma og er það mikilvægur hluti af samfélagslegri ábyrgð stofnunarinnar að sýna gott fordæmi í umhverfismálum.

VIÐBURÐIR

Hagnýtt örnámskeið

Innan AkureyrarAkademíunnar starfa doktors- og meistaranemar auk sjálfstætt starfandi fræðimanna. Þessir aðilar þurfa að hafa góða kunnáttu á þeim þáttum sem hvað mikilvægastir eru við gerð styrkumsókna. AkAk bauð í ágúst 2016 upp á námskeiðið: *Rannsóknasjóður Rannís. Gerðu betri umsókn!* Kennari á námskeiðinu var Kristján Kristjánsson, framkvæmdastjóri rannsókna og upplýsingar og forstöðumaður rannsóknarþjónustu við Háskólann í Reykjavík. Kristján hefur víðtæka reynslu á sviði styrkumsókna og hefur meðal annars starfað sem forstöðumaður vísindasviðs RANNÍS. Á námskeiðinu var farið yfir:

- Undirstöðuatriði í árangursríkum styrkumsóknum

- Algeng mistök í gerð styrkumsókna

- Fjárhagsáætlun styrkumsókna

- Samstarf og áhrif þess á mat styrkumsókna

Námskeiðið var öllum opið en AkAk sendi boð til allra háskóla á landsbyggðinni auk fyrirtækja og stofnanna sem námskeiðið gæti nýst. Takmarkaður fjöldi komst á námskeiðið og komust færri að en vildu. Það var álit þátttakenda að yfirferð námskeiðsins hefði verið upplýsandi og nýtsamleg.

Samtal um hamingjuna

Í AkureyrarAkademíunni hafa verið hugmyndir um að bjóða upp á viðburði þar sem ekki er notast við hefðbundið fyrirlestraform. Í tilefni Akureyrarvöku, sem er árleg bæjarhátíð haldin síðustu helgina í ágúst, stóð AkAk fyrir viðburðinum „*Samtal um hamingjuna*“. Þar voru leiddir saman tveir fræðimenn, sem hafa rannsakað og fjallað um hamingjuna, húmorinn og hláturinn, þau Gunnar Hersveinn og Edda Björgvinsdóttir. Jafnframt óskaði stofnunin eftir samstarfi við Ungmennahúsið Rósenborg en þar er starfræktur hópurinn *Skapandi sumarstörf* á hverju sumri. Í honum starfa ungmenni að hinum ýmsu skapandi greinum. Ungmennin fengu það verkefni að festa hamingjuna á filmu og að sýna afrakstur verkefnisins á viðburðinum. Ungmennunum var jafnframt boðið til hádegisverðar í AkureyrarAkademíunni. Þar kynntu fulltrúar stuttlega störf sín og ungmennin kynntu verkefni sín.

Tveir nemendur við Kvikmyndaskóla Íslands voru ráðnir til að taka viðburðinn upp og var upptakan sett á Youtube efnisveituna og á fésbókar- og heimasíðu stofnunarinnar. Fjallað var um verkefnið í sjónvarpsþættinum „*Föstudagsþátturinn*“ á sjónvarpsstöðinni N4.

Fyrirlestraröð

Fyrir rúnum tíu árum síðan þegar Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi var stofnað, var farið af stað með fyrirlestra sem opnir voru almenningi. Slíkt var á þeim tíma nýjung í bæjarlífinu á Akureyri. Á starfsárinu var ákveðið að halda ekki hefðbundna fyrirlestraröð líkt og gert hefur verið síðan árið 2007 þar sem fjölbreyttur og breiður hópur fræði- og leikmanna hafa skipst á skoðunum heldur að bjóða upp á erindi sérsniðin áhuga og þörfum íbúa á Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar.

Forsvarsmenn Öldrunarheimilanna tóku hugmyndinni um fyrirlestraröð fyrir íbúa fagnandi. Ákveðið var að bjóða upp á fimm erindi, fjögur þeirra voru haldin á öldrunarheimilinu Hlíð og eitt á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð. Fulltrúum AkureyrarAkademíunnar gafst kostur á að senda inn tillögur að erindum. Alls bárust fjórtán tillögur og völdu heimilisfólk og starfsfólk á Hlíð fjórar tillögur. Fyrirlestrar á Hlíð voru eftirfarandi:

4. nóvember 2016.

Margrét Guðmundsdóttir, sagnfræðingur

Baráttuleiðir eyfiskra kvenna á fyrri helmingi 20. aldar

2. desember 2016.

Jón Hjaltason, sagnfræðingur

Stærstu brunar á Akureyri 1901, 1906 og 1969 þegar lðunn brann og hluti Gefjunnar

10. febrúar 2017

Sigurgeir Guðjónsson, sagnfræðingur

Um förumenn og flakkara

17. mars 2017

Arndís Bergsdóttir, safnafræðingur

Konurnar í verksmiðjunum á Akureyri

Auk þess hélt Arndís Bergsdóttir fyrirlestur sinn „Konurnar í verksmiðjunum“ í sal hjúkrunarheimilisins Lögmannshlíðar en íbúar á Lögmannshlíð gátu ekki sótt erindin sem haldin voru í Hlíð.

Allir fyrirlestrarnir voru opnir almenningi þrátt fyrir að þeir væru sérsniðnir fyrir íbúa á Öldrunarheimilunum og voru þeir vel sóttir af íbúum og öðrum gestum. Verkefnið hlaut styrk frá Norðurorku og úr Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA. Fjallað var um samstarfsverkefnið í sjónvarpsþættinum Landanum á RÚV.

Barnabókakynning

AkureyrarAkademían og Amtsbókasafnið stóðu fyrir barnabókakynningu í desember 2016. Markmið verkefnisins var að gefa börnum kost á að kynnast nýútgefnum bókum eftir íslenska höfunda sem hefðu fræðilega skírskotun. Sævar Helgi Bragason kynnti bók *sýna Stjörnusköðun fyrir alla fjölskylduna* og Margrét Tryggvadóttir *Íslandsbók barnanna*. Þórarinn Hjartarson og Margrét Guðmundsdóttir sungu jólalög með börnunum. Jólaveinninn Stúfur kom sem óvæntur gestur frá Menningarfélagi Akureyrar. Barnabókakynningin var vel sótt og vakti mikla lukku.

Málþing

ReykjavíkurAkademían í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og AkureyrarAkademíuna, stóð fyrir málþingi þann 25. apríl 2017 sem bar yfirskriftina: „Fjölmíðlun í almannapágu?“.

Markmið málþingsins var að skapa gagnrýna umræðu um fjölmíðlun í almannapágu, það er fjölmíðlun sem er til hagsbóta fyrir almenna borgara en ekki fyrir sérhagsmuni.

ReykjavíkurAkademían hafði veg og vanda af málþinginu. Íbúum á Norðurlandi gafst kostur á að koma í Háskólann á Akureyri og fylgjast beint með málþinginu og sáu AkAk og Háskólinn á Akureyri um skipulagningu þess.

Starfsárið 2017-2018

Mikilvægustu verkefni starfsársins eru endurnýjun samstarfssamning stofnunarinnar við mennta- og menningarmálaráðuneytið og endurnýjun leigusamnings við Akureyrarbæ. Starfsáætlun stofnunarinnar tekur því mið af þeim stóru verkefnum sem framundan eru við að tryggja fjármagn til reksturs og húsnæði þetta árið.

Samningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti

Samningur AkureyrarAkademíunnar við mennta- og menningarmálaráðuneyti er lykilatriði í rekstri stofnunarinnar. Frá því að samningar náðust árið 2015 hefur starfsemi stofnunarinnar aukist til muna. Ráðinn hefur verið framkvæmdastjóri í 70% starf sem var mikilvægt skref fyrir stofnunina. Ljóst var áður en samningar náðust, að umfang AkAk var orðið mun meira en hægt var að sinna af stjórnarfélagi í sjálfboðavinnu. Ráðning starfsmanns til stofnunarinnar hefur gert henni kleift að ná betur utan um rekstur hennar og standa fyrir stærri og viðameiri viðburðum. Núverandi samningur gildir út árið 2017 og er mikilvægt fyrir framgang AkAk að hann verði endurnýjaður.

Húsnæðismál

Á liðnu starfsári varð ljóst að talsverð óvissa blasir við í húsnæðismálum AkAk. Áform bæjaryfirvalda varðandi húsnæðið sem AkAk hefur nú á leigu eru óljós en stjórn og framkvæmdastjóri hafa unnið ötullega að því að tala máli stofnunarinnar við bæjarfulltrúa og bæjarstjóra. Bæjaryfirvöld eru jákvæð gagnvart starfsemi stofnunarinnar. Ljóst er að enn er tvísýnt um hvort stofnunin þurfi að flytjast í annað húsnæði en forsvarsmenn stofnunarinnar vinna nú að því fá niðurstöðu í málið. Ljóst er að óvissa í húsnæðismálum kemur illa við stofnunina sem var um tímabil á vergangi eftir að hún missti húsnæði sitt í gamla húsmæðraskólanum.

Samstarf

AkureyrarAkademían mun áfram vinna að því að eiga gott samstarf við hinar ýmsu stofnanir og félagasamtök. Auk þess verður lögð áhersla á að efla en frekar gott samstarf við Háskólann á Akureyri.

Lögð var áhersla á að auka samstarf við fulltrúa innan AkAk á liðnu starfsári, með góðum árangri. Verður áframhaldandi áhersla á að ná enn betur til þeirra fjölmörgu fræði- og vísindamanna á svæðinu sem hafa áhuga á að taka þátt í starfi AkAk með einum eða öðrum hætti.

Heimasíða og samfélagsmiðlar

Stofnunin mun á starfsárinu leggja áherslu á að auka enn frekar sýnileika sinn á samfélagsmiðlum. Á síðastliðnu starfsári hefur síaukin áhersla verið lögð á virkni stofnunarinnar á samfélagsmiðlum og hefur umferð um fésbókarsíðu hennar aukist til muna. Umferð um heimasíðu stofnunarinnar hefur haldist með svipuðu móti og er hún aðgengileg upplýsingaveita.

Umhverfisvernd

Áhersla á umhverfismál verður áfram áberandi innan AkAk á starfsárinu. Mikilvægt er að halda þeim árangri sem náðist hefur. Auk þess verður áfram leitað leiða til að minnka enn frekar áhrif af starfsemi stofnunarinnar á umhverfið.

Vinnustaðgreining

Í ljósi óvissu í húsnæðismálum AkureyrarAkademíunnar hefur stjórn ákveðið að leggja rafræna könnun fyrir fulltrúa. Markmiðið með könnuninni er þrjúþætt þar sem kanna á viðhorf til samskipta, stjórnunar og vinnuáætlunar. Megin markmiðið er að stjórn fái upplýsingar frá fulltrúum um þá þætti sem mestu máli skipta varðandi góða vinnuáætlunar. Niðurstöðurnar verða notaðar ef til þess kemur að stofnunin þurfi að skipta um húsnæði á næstu misserum.

Stefnumótun

Á nýliðnu starfsári var lagt upp með að fram færi stefnumótun innan stofnunarinnar. Í kjölfar óvissu með húsnæðismál og þeirrar miklu vinnu sem sú óvissa útheimti var verkefninu slegið á frest. Stjórn leggur áherslu á að innan AkAk fari fram stefnumótun. Eftir að Félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi var breytt í sjálfseignarstofnun er þörf á að hugleiða framtíð stofnunarinnar, hvaða hlutverki hún á að gegna í samfélagi fræðimanna sem og í samfélaginu almennt og hvaða sérstöðu hún hefur eða getur markað sér.

Markmiðið með vinnunni er að leggja fram stefnuskjal með aðgerðaáætlun. Fulltrúar AkAk munu taka virkan þátt í skilgreiningu og framsetningu stefnu auk aðlögunar hennar. Framkvæmdastjóri og stjórn munu bera ábyrgð á tímasettri áætlun um innleiðingu og framkvæmd stefnumótunarinnar.

VIÐBURÐIR

Hagnýt örnámskeið

Á liðnu starfsári stóð AkAk fyrir einu hagnýtu örnámskeiði en lagt hafði verið upp með að halda fjögur slík námskeið. Í ljósi húsnæðismála stofnunarinnar var námskeiðunum slegið á frest en fyrirhugað er að halda að minnsta kosti eitt námskeið á starfsárinu. Þar verður leitað til sérfræðinga á sviði skattamála. Fjölmargin fulltrúar AkAk starfa að hluta til eða öllu leiti sem verktakar og er markmið námskeiðsins að kynna skattaumhverfi verktaka á Íslandi.

Fyrirlestraröð

Hið nýja samstarfsverkefni AkAk og Öldrunarheimilanna á Akureyri sem hrundið var af stað síðastliðið haust gafst vel og hefur vakið mikla ánægju. Sett verður upp sambærileg fyrirlestraröð á starfsárinu í samráði við Öldrunarheimilin. Aftur verður lögð ríkuleg áhersla á að íbúar á Öldrunarheimilunum hafi kost á að velja þau erindi sem helst höfða til þeirra.

Bókakynning

AkAk mun standa fyrir bókakynningu fyrir jólin og mun líkt og undanfarin ár óska eftir samstarfi við Amtsbókasafnið.

Fundur fólksins

Fundur fólksins hefur verið haldinn í Reykjavík tvö síðustu ár. Í ár verður fundurinn haldinn í Hofi á Akureyri. Forsvarsmenn AkureyrarAkademíunnar sóttu kynningarfund vegna verkefnisins á vormánuðum. Innan AkAk er þessar mundir unnið að því að móta hugmyndir um þátttöku stofnunarinnar í fundinum. Megin markmið þátttökunnar er það lykilhlutverk stofnunarinnar að vinna að því að skapa brú á milli fræða og samfélags.

Kynning nýdoktora

Fyrirhugað er að tveir fulltrúar verji doktorsverkefni sín á starfsárinu. Við slík tækifæri hefur AkureyrarAkademían staðið fyrir kynningum nýdoktora þar sem þeir kynna niðurstöður rannsókna sinna.

Ráðstefna

AkAk og HA hafa staðið fyrir sameiginlegum ráðstefnum eða málþingum sem haldin hafa verið í húsakynnum HA. Mikill áhugi er meðal beggja aðila að halda sameiginlega ráðstefnu árið 2018. Forsvarsmenn stofnananna hafa til að mynda rætt um möguleikann á því að efna til ráðstefnu um hálandi Íslands. Um væri að ræða þverfaglega ráðstefnu þar sem fræði- og vísindamenn sem og aðrir aðilar sem hafa hagsmuni eða umhyggju fyrir svæðinu myndu fjalla um málefni hálandisins.

Málstofa

Innan AkureyrarAkademíunnar starfa fræðimenn á hinum ýmsu sviðum. Mikilvægt er fyrir þá aðila að geta rætt rannsóknaverkefni sín og önnur viðfangsefni við sérfræðinga á svipuðum sviðum. AkAk mun hafa frumkvæði að því að leiða saman aðila á heilbrigðisvísindasviði til slíks fundar á starfsárinu. Málstofan verður lokuð og markmið hennar að veita fræði- og vísindamönnum á því sviði tækifæri á að fá álit annarra sérfræðinga á viðfangsefnum sínum, auk þess að kynna aðila á svipuðum vettvangi fyrir hvorum öðrum og vera vettvangur til samstarfs.